

**Þinggerð 59. ársþings KSÍ,  
haldið á Hótel Loftleiðum, 12. febrúar 2005**

**Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 12. febrúar kl. 11:00 og mælti svo:**

Háttvirtur Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,  
Geoffrey Thompson, Chairman of the English FA, UEFA vice-president,  
Guðjón Guðmundsson, formaður Íþróttanefndar Ríkisins,  
Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Ársins 2004 verður seint minnst sem árs glæstra sigra í íslenskri knattspyrnu. Þvert á móti má með sanni segja að það hafi verið ár vonbrigða hvað varðar árangur A-liðs karla og kvenna, sem var langt frá því að vera viðunandi. En liðið ár var samt sem áður minnisstætt, viðburðaríkt og merkilegt bæði hvað varðar íslenska og alþjóðlega knattspyrnu.

Á liðnu ári lést Þórir Jónsson, knattspyrnuforystumaður í FH, vinur okkar og félagi, í hörmulegu bílslysi langt um aldur fram. Þeim mæta drengskaparmanni eru hér þökkuð hans miklu störf í þágu knattspyrnunnar á Íslandi. Hann skilur sannarlega eftir sig tómarúm sem erfitt er að fylla. Ég bið ykkur að heiðra minningu þessa góða félaga með því að rísa úr sætum.

Knattspyrnusamband Íslands er stór og öflug félagsmálahreying. Innan okkar vébanda eru hátt í 20.000 virkir félagar, auk allra þeirra þúsunda sem tengjast starfinu á annan hátt. Því er ekki furða að á okkur standi öll spjót þegar á móti blæs. Við tökum því fagnandi að landsmönnum stendur ekki á sama um árangur og starfsemi stærstu íþróttagreinir landsins. Því fleiri sem hafa skoðun á árangri og störfum KSÍ, því betra. Forystu KSÍ ber að sjálfsögðu að hlusta gaumgæfilega á gagnrýnisráddir og ávallt að leitast við að vera í takt við þjóðarsálina. En knattspyrnuhreyfingin er í eðli sínu íhaldssöm hreyfing sem ekki tekur skyndiákvæðanir með írafári og látum án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Okkur ber að standa vörð um það sem byggt er á langri reynslu og hefur gert knattspyrnuna að vinsælustu íþrótt á Íslandi og í öllum heiminum. Þess vegna ber okkur ætíð að skoða gaumgæfilega þær tillögur sem horfa til framfara, en gefa okkur góðan tíma til að íhuga þær og sjá kosti þeirra og galla niður í kjölinn áður en endanleg ákvörðun er tekin. Á forystu KSÍ hvílir sú ábyrgð að viðhalda vinsældum og velgengni knattspyrnunnar á Íslandi. Það er skiljanlegt að ungu og kappsömu fólki sem kemur til starfa inn í þessa hreyfingu liggi mikið á og telji víða breytinga þörf og það sem fyrst. Í þessu eins og öðru þarf knattspyrnuhreyfingin að finna jafnvægi á hverjum tíma, að hlusta á framfararaddirnar en vera á sama tíma íhaldssöm og taka sér góðan tíma áður en ráðist er í breytingar á því sem vel hefur gefist í áraraðir. Á knattspyrnuhreyfingunni hvílir mikil ábyrgð og sífelld krafa að gera enn betur. Við sækjumst ekki eftir lofi og þökkum, við sækjumst eftir árangri og þeirri fullnægju sem felst í því að láta gott af sér leiða. Hlutverk okkar sem sitjum í stjórn KSÍ og stjórnnum félaganna er að skipuleggja hreyfinguna og veita henni forystu. Knattspyrnuhreyfingin verður að standa saman sem ein órofin heild. Ágreining um leiðir og stefnur eigum við að leysa á lýðræðislegan hátt og takast á um málin á ársþingum. Þegar niðurstöður liggja fyrir og meirihlutinn hefur sagt sína skoðun á stefnu og starfsemi KSÍ, sem birtist að verulegu leyti í framlagðri fjárhagsáætlun, ber hreyfingunni að standa saman sem ein órofin heild. Á því byggist styrkur okkar. Forystumenn í hreyfingunni verða að hafa félagslegan þroska og nægilega víðsýni til að sjá hagsmuni heildarinnar. Á því hefur styrkur Knattspyrnusamband Íslands byggt hingað til.

En ágætu félagar og góðir gestir.

Það var að vanda mikið líf og fjör á knattspyrnuvöllum vítt og breitt um landið í sumar. Ánægjuleg er sú staðreynd að knattspyrnan á Íslandi hefur sjaldan verið jafn vinsæl og staðið sterkari í vitund íslensku þjóðarinnar en á síðasta keppnistímabili. Þar á Landsbanki Íslands miklar þakkir skildar.

Bankinn hefur verið samstarfsaðili um Landsbankadeild karla og kvenna og gert það með miklum sóma. Landsbankinn hefur gert sér grein fyrir því að til að ná árangri í þessu samstarfi þarf að kosta talsverðu til og vera sýnilegir í öllum fjölmiðlum. Í þessu samstafi hefur bæði tekist að stuðla að vinsældum íslenskrar knattspyrnu og auka enn jákvæða ímynd Landsbanka Íslands. Ekki tókust þau metnaðarfullu áform félaga í Landsbankadeild og KSÍ að ná áhorfendum yfir 100.000 en á þessari leiktíð, það er 2005, látum við ekkert stoppa okkur í því að ná yfir 100.000 áhorfenda múrinn. En til þess þurfa félögin að vera enn betur vakandi í markaðsstarfi og hafa einbeittan vilja að ná þessu markmiði sameiginlega.

Mikil umræða hefur verið á undanförunum árum um fjölgun liða í efstu deild, Landsbankadeild karla. Fyrstu hugmyndir um þetta eru allt frá árinu 1990. Starfandi voru millipinganefndir árin 1997 og 2002 sem fjölluðu um málið. Millipinganefndirnar komust að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að fjölga liðum í efstu deild án þess að lengja leiktímabilið (það er hefja það fyrr á vorin). Starfshópurinn telur hins vegar að fjölgun um 2 lið sé æskilegt markmið til lengri tíma litið og leggur til að stjórn KSÍ vinni áfram að undirbúningi málsins og hafi að markmiði fjölgun í efstu deild sumarið 2006. Þessi mál hafa verið ítarlega rædd í stjórn KSÍ á liðnu starfsári. Einnig hafa þessi mál verið rædd á fundum formanna Landsbankadeildarfélaganna. Á formannafundi KSÍ í nóvember 2004 var síðan gerð mjög ítarleg grein fyrir afstöðu stjórnar KSÍ í málinu. Forsenda fjölgunar að mati hennar er:

- Rekstargrundvöllur liðanna verði ekki verri en hann er nú.
- Leikir fari fram á heimavöllum félaganna, vel búnum fyrir áhorfendur og fjölmiðla.
- Lengra keppnistímabil.
- Sannfæring um að við förum í betra ástand.
- Góð samstaða (hvað það varðar er ljóst að mikill meirihluti félaganna í Landsbankadeild er andvígur fjölgun í dag).

Álit og ályktun stjórnar KSÍ er sú að ekki er lögð fram tillaga um breytingu á fyrirkomulagi Landsbankadeildar (það er úr 10 í 12 lið) fyrir þetta ársþing, en eftirfarandi markmið eru sett:

- 1 Að bæta aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla á leikvöllum.
- 2 Að gera endurbætur á keppnisvöllum þannig að keppni geti hafist í byrjun maí.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu liggur fyrir þinginu eftirfarandi tillaga frá stjórn KSÍ: “Ársþing KSÍ samþykkir að stjórn KSÍ skipi 5 manna nefnd sem móti framtíðarstefnu í gerð leikvalla á Íslandi þannig að lengja megi keppnistímabilið og hefja það fyrr á vorin. Nefndin skal vege og meta alla þætti sem koma að byggingu leikvalla og skila skýrslu til stjórnar KSÍ í lok nóvember 2005 sem lögð skal fyrir næsta ársþing. Nefndin skal kynna sér reynslu og þekkingu annarra þjóða í byggingu leikvalla.”

Samfara því að KSÍ þurfti að taka upp leyfiskerfi UEFA í Landsbankadeild karla var ljóst að gera yrði verulegar kröfur á félögin og sveitarfélögin sem þau starfa í varðandi uppbyggingu á aðstöðu fyrir áhorfendur sem setið hafði á hakanum í íslenskri knattspyrnu um áratugi. Um leið var ljóst að það tefðist eitthvað að byggja upp velli Landsbankadeildarliðanna þannig að hægt væri að byrja að spila á þeim í byrjun maí, einfaldlega vegna þess að ekki væri hægt að sækja þá fjármuni sem þyrfti í bæði verkefni á sama tíma. En með þessari tillögu viljum við taka næsta skref að settu markmiði. Það einfaldar umfjöllun um þetta mál að stjórn UEFA ákvað á stjórnarfundum sínum á síðasta ári að heimilt væri að spila á gervigrasi (sem uppfyllti ákveðna gæðastaðla) í Evrópu- og heimsmeistarakeppnum, það er í opinberum keppnum. Með þeirri samþykkt opnast alveg nýir möguleikar til að lengja keppnistímabilið á Íslandi og það er síðan ákvörðun knattspyrnuhreyfingarinnar hvernig framhaldið verður í þeim málum. En auðvitað munu aftur koma upp spurningar um fleiri atriði eins og til dæmis um fjárhagslegan grundvöll, knattspyrnuleg gæði stærri deildar þegar skilyrði fyrir lengra keppnistímabili hefur verið fullnægt.

Ágætu þingfulltrúar.

Það er eðlilegt að farið sé varlega þegar taka á ákvörðun um að breyta umgjörð í vinsælustu íþróttagrein í landinu sem gefist hefur vel og við höfum séð aðrar hópíþróttagreinar hreinlega eyðileggja rótgróin mót með skyndiákvörðunum frá degi til dags. Til þess eru vítin að varast þau.

Skemmtilegasta og jákvæðasta átak KSÍ til fjölda ára er án efa sparkvallaátakið þar sem við erum að sjá þessa velli rísa hvern af öðrum um allt Ísland, á yfir 60 stöðum árin 2004 og 2005. Við höfum orðið vör við ótrúlega jákvæð viðbrögð við þessu átaki og ljóst að þetta er mesta útbreiðsluverkefni KSÍ í áratugi og jafnvel frá upphafi. Vonandi tekst með stuðningi Alþingis að halda þessu verkefni áfram eftir þetta ár og uppfylla flestar þær óskir sem lágu fyrir þegar umsóknarfrestur rann út um verkefnið.

Áformin um stækkun Laugardalsvallar eru nú loksins í höfn með aðkomu Ríkis og Reykjavíkurborgar. Framkvæmdir hefjast nú mjög fljótlega og verður áhersla lögð á að reyna að ljúka stækkun stúkunnar fyrir landsleikina í haust og verða þá sæti fyrir rúmlega 10 þúsund manns. Heildarframkvæmdum ætti að geta verið lokið eftir um það bil eitt ár.

Fyrir þessu þingi liggja tillögur um VISA-bikarkeppni KSÍ. Við þurfum virkilega að lyfta grettistaki hvað þessa keppni varðar og hefja hana til fyrri vegs og virðingar, meðal annars með því að fá samstarfsaðilann, VISA, til að vera miklu meira áberandi í að auglýsa keppnina upp (t.d. í líkingu við Landsbankadeildina). Ég vil biðja þingfulltrúa að hugsa um breytingar á VISA-bikarkeppninni með hagsmuni keppninnar í huga, það er að auka vinsældir hennar á ný en ekki út frá eiginhagsmunum hvers félags fyrir sig.

Ég boðaði á ársþingi í fyrra að stefnt væri að taka upp nýjan hátt á að velja knattspyrnumann og knattspyrnukonu ársins. Sett var á legg svokallað leikmannaval, skipað um 150 sérvöldum einstaklingum sem tengjast knattspyrnunni á ýmsan hátt. Þeim voru síðan sendir atkvæðaseðlar og beiðni um að velja þrjá bestu leikmenn karla og kvenna. Úrslitin voru síðan kynnt á hátíðlegan hátt á Hótel Nordica undir lok síðasta árs. Það voru þau Eiður Smári Guðjohnsen og Margrét Lára Viðarsdóttir sem voru valin þau bestu. Eiður Smári var síðan valinn íþróttamaður ársins 2004, mjög verðskulduð viðurkenning fyrir þennan frábæra knattspyrnumann og um leið fyrir knattspyrnuhreyfinguna.

Góðir þingfulltrúar.

Í upphafi þessarar ræðu sagði ég að ársins 2004 yrði seint minnst sem árs glæstra sigra landsliða Íslands í knattspyrnu. Það er skemmt frá því að segja að árangur beggja A landsliða Íslands olli miklum vonbrigðum og einkum var A landslið karla langt frá því að standa undir væntingum. Til að íslensk landslið nái árangri þarf varnarleikurinn og markvarslan að vera í lagi. Það er sá grunnur sem leikur liðsins þarf að byggja á. Þessi atriði voru ekki í lagi á síðustu leiktíð og því þarf að breyta. Þetta er það erfða verkefni sem bíður landsliðsþjálfaranna á þessari leiktíð og ljóst að þeirra störf verða metin eftir því hvernig það tekst. Þeir voru ráðnir til að stýra A landsliðinu í þeirri HM undankeppni sem lýkur nú í haust. Eftir að þeirri keppni lýkur verða þeirra störf metin og báðir aðilar gera upp við sig hvort áhugi er á að gera nýja samninga.

Hvað varðar A landslið kvenna er ljóst að í þýðingarmestu leikjum ársins stóð liðið ekki undir væntingum. Það hefði verið ótrúlegt ævintýri og mikil lyftistöng fyrir íslenska knattspyrnu ef A landslið kvenna hefði komist í úrslitakeppni EM í Englandi í sumar. Þjálfari liðsins var ráðinn til lok þeirrar undankeppni sem lauk í haust. Það var síðan sameiginleg niðurstaða landsliðsnefndar kvenna og stjórnar KSÍ að gera ekki nýjan samning við Helenu Ólafsdóttur sem þjálfara liðsins. Það er mikill

munur á því að reka þjálfara sem eru samningsbundnir og endurráða ekki þjálfara sem er með útrunninn samning. Þetta vona ég að minnsta kosti að þið ágætu fulltrúar gerið ykkur fullkomlega grein fyrir. Látum vera að aðrir beri saman epli og appelsínu og komist að raun um að það sé sami ávöxturinn. En það er ljóst að það er erfitt að starfa lengi í umhverfi þar sem árangurinn á leikvelli er undir væntingum. En þetta er jú lífið í fótboltanum, sem þið þekkið öll.

Og áfram störfum við af fullum krafti og trúum því að dæmið snúist við í næsta leik. Þetta er jú eitt af því sem gerir okkar starf svo heillandi.

Ég óska öllum til hamingju sem unnu góða sigra á liðnu keppnistímabili. FH í fyrsta skipti Íslandsmeistari í Landsbankadeild karla. Það er sérlega ánægjulegt að fá nýtt lið í hóp Íslandsmeistara og nokkuð langur tími síðan það gerðist síðast. Valur varð Íslandsmeistari í Landsbankadeild kvenna eftir nokkurt hlé. VISA bikarmeistari karla var Keflavík og kvenna ÍBV. Öllum sem urðu Íslandsmeistarar eða unnu sig upp um deild óskum við til hamingju.

Ágætu þingfulltrúar.

Rekstur KSÍ hefur gengið vel undanfarin ár og fjárhagsstaða sambandsins hefur styrkst. Reksturinn verður sífellt umfangsmeiri eins og sjá má á reikningum sambandsins. Sífellt meira máli skiptir fyrir fjárhag KSÍ að vel sé staðið að ávöxtun fjármuna þess. Þar skiptir mestu máli fyrirframgreiðsla vegna sjónvarpssamninga sem eru tekjur framtíðarinnar, en fjármagnstekjur af þeim hafa skapað mikið af hagnaði KSÍ undanfarin ár. Því skiptir verulegu máli að vel sé haldið á þeim málum og eru þau í sífældri skoðun hjá þeim sem annast fjármálastjórn KSÍ. Ég tel að rekstur sambandsins sé í mjög góðu horfi og þar fari saman að reynt er að skapa sem mestar tekjur um leið og reynt er að fara ávallt hagstæðustu leiðir í útgjöldum. Það sama á við um rekstur KSÍ og árangur landsliðanna, hann byggist á að byggt sé á sterkri vörn, sem skapi sóknarfæri. Ef sífellt er staðið á bremsunni varðandi útgjöld er reksturinn í lagi. Ef gefið er eftir á því sviði er stutt í mínusinn. Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2004 voru 457,6 milljónir kr. og heildargjöld voru 411,7 milljónir kr. Hagnaður varð því 45,9 milljónir kr. en þá hefur verið tekið tillit til 21,6 milljón kr. framlags til aðildarféлага. Af þessum 21,6 milljónum kr. voru rúmar 10 milljónir greiddar til aðildarféлага skv. ákvörðun stjórnar sbr. fréttatilkynningu frá 26. jan. sl. Eigið fé KSÍ í árslok 2004 er rúmlega 181 milljónir króna. Hagnaður sambandsins er mikill í ár og skapast að verulegu leyti af tekjum vegna vináttuleiks við Ítalíu hér heima í ágúst og þátttöku í móti á Englandi í júní þar sem spilað var við Japan og England.

Ég þakka öllum stjórnarmönnum KSÍ fyrir góð störf. Einnig öllum nefndarmönnum í hinum fjölmörgu nefndum sambandsins. Starfsmönnum KSÍ eru einnig þökkuð þeirra þýðingarmiklu störf í þágu hreyfingarinnar.

En ágætu félagar.

Við erum enn einu sinni mætt á ársþing. Hér er mættur öflugur hópur forystumanna, sem á það sameiginlegt að eiga knattspyrnuna sem sitt stóra áhugamál. En hafið það íhugað hvers vegna í ósköpunum við erum tilbúin til að gefa þessari íþrótt svona mikið af okkar tíma? Jú, málið er einfalt, þetta er svo skemmtilegt og gefandi. Er það ekki alveg ótrúlegt hvað þessi leikur, sem er í rauninni svona einfaldur, getur verið skemmtilegur? Þegar ég lít yfir salinn blasir við mér hópur af kappsömu, metnaðarfullu og gefandi fólki sem myndar forystusveit íslenskrar knattspyrnu. Án ykkar væri starfið ekkert. Ársþing KSÍ hafa löngum borið þess merki að þar hafa mætt vaskir forystumenn með ákveðnar skoðanir tilbúnir að berjast fyrir heildarhagsmunum knattspyrnuhreyfingarinnar. Svo lengi sem ég man eftir KSÍ þingum hafa menn verið hreinskilnir í umræðum, tekist á um málefni og skilið sáttir að leikslokum. Hér á að ræða stefnumál hreyfingarinnar, horfa til framtíðar. Hugsa ávallt út frá hagsmunum heildarinnar og láta ekki dægurþras og einkahagsmuni stýra gerðum okkar. En í guðanna

bænum látið í ykkur heyra, hafið hátt ef ykkur sýnist svo. Það á að gusta af ársþingum, þá er líf og kraftur í þessari hreyfingu. Án þess verða engar framfarir. Átök og hreinskilin skoðanaskipti eru undanfari þeirra. Nú skulum við stilla strengina saman og sameina krafta okkar til heilla fyrir knattspyrnuhreyfinguna.

Ég segi 59. ársþing KSÍ sett.

---

**Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:**

Steinn Halldórsson, formaður, ÍBR

Rúnar Arnarson, ÍRB

Vignir Þormóðsson, ÍBA

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

---

**Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Sveinn Jónsson

2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

---

**Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson

2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

---

**Ávörp gesta**

Eftirtaldir tóku til máls og fluttu kveðjur til KSÍ:

- Geoffrey Thompson, formaður Knattspyrnusambands Englands og varaforseti UEFA, en hann var sérstakur fulltrúi UEFA á þinginu.
- Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

---

**Knattspyrnupenni KSÍ 2004**

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, veitti Samúel Erni Erlingssyni Knattspyrnupenna KSÍ fyrir árið 2004. Eggert þakkaði honum fyrir öfluga umfjöllun um kvennaknattspyrnu og fyrir gott framlag í þágu knattspyrnunnar á Íslandi.

Samúel Örn þakkaði veittan heiður.

**Álit kjörbréfanefndar**

- Steinn Halldórsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSH (3): Jónas Gestur Jónasson, Hilmar Hauksson og Vigfús Örn Gíslason.

Frá HSK (5): Hermann Ólafsson, Hrafnhildur Kristjánsdóttir, Sveinn Jónsson, Margeir Steingrímsson og Örn Guðmundsson.

Frá HSP (2): Höskuldur Skúli Hallgrímsson og Ragnar Jónsson.

Frá ÍA (4): Eiríkur Guðmundsson, Guðlaugur Gunnarsson, Jóhannes Guðjónsson og Svava Ragnarsdóttir.

Frá ÍBA (6): Gunnar Gunnarsson, Haukur Bragason, Vignir Már Þormóðsson, Halldór Áskelsson, Unnsteinn Jónsson og Jónas Sigursteinsson.

Frá ÍBH (8): Páll B. Guðmundsson, Heimir Heimisson, Gísli Vagn Jónsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Pétur Ó. Stephensen, Jón Rúnar Halldórsson og Viðar Halldórsson.

Frá ÍRB (6): Rúnar V. Arnarson, Oddur Sæmundsson, Hjörleifur Stefánsson, Sævar Pétursson, Leifur Gunnlaugsson og Þórður Karlsson.

Frá ÍBR (31): Þorbjörg Gunnarsdóttir, Brynjar Jóhannesson, Steinar Guðgeirsson, Bóas Børkur Bóasson, Magnús Ingimundarson, Örn Guðmundsson, Ólafur Brynjar Halldórsson, Jónas Kristinsson, Stefán Stefánsson, Halldór Páll Gíslason, Kristinn Steingrímsson, Smári Björgvinsson, Jón Grétar Jónsson, Sveinn Stefánsson, Björn Guðbjörnsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Kristinn Einarsson, Guðmundur Vignir Óskarsson, Stefán Laxdal Aðalsteinsson, Sigurður Sveinbjörnsson, Róbert B. Agnarsson, Ágúst Hafberg, Davíð Ólafsson, Snorri Snorrason, Heimir Guðmundsson, Kári Arnórsson, Bragi Björnsson, Árni Þórðarson, Þórður Einarsson, Arnar Einarsson og Eiríkur Einarsson.

Frá ÍBS (3): Þórir Hákonarson, Runólfur Birgisson og Sveinn Aðalbjörnsson.

Frá ÍBV (4): Viðar Elíasson, Gísli Hjartarson, Oddný Friðriksdóttir og Hjalti Kristjánsson.

Frá ÍS (6): Jónas Þórhallsson, Ingvar Guðjónsson, Sigurður Gunnarsson, Ragnar Ragnarsson, Einar Jón Pálsson, Þorgeir Karl Gunnarsson.

Frá UÍA (3): Guðný Bjarkadóttir, Guðmundur Ingvason og Reynir Svavar Eiríksson.

Frá UMSB (1): Aðalsteinn Símonarson.

Frá UMSK (14): Steini Þorvaldsson, Ari Skúlason, Ingólfur Sigmundsson, Hannes Hauksson, Bjarni Benediktsson, Eysteinn Haraldsson, Jóhann Jónsson, Valdimar Leó Friðriksson, Halldór Valdimarsson, Andrea Gísladóttir, Sigvaldi Einarsson, Bjarki Már Sverrisson, Lárus Grétarsson og Jón Sigurðsson.

Frá UMSS (1): Eyþór Einarsson.

Frá USÚ (1): Gísli Örn Reynisson.

Enginn mætti frá HHF, HSB, HSS, HSV, UDN, UÍÓ, UMSE, UNÞ, USAH, USVH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar (98) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

---

**Formaður KSÍ flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á þinginu.**

**Gjaldkeri KSÍ, Eggert Steingrímsson, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.**

Eftirtaldir tóku til máls undir þessum dagskrárlið:

- Guðmundur Árni Stefánsson þakkaði fyrir góðan árangur og kom með ábendingar í tengslum við U23 ára mótið og kostnað við leigu á Laugardalsvelli.
- Ari Skúlason þakkaði fyrir gott starfsár og hrósaði stjórn KSÍ sérstaklega fyrir þær reglugerðarbreytingar sem stjórn samþykkti í þá átt að jafna mótábyrkomulag kynjanna. Hrósaði

sambandinu einnig fyrir skráningarkerfi og heimasíðu. Benti á að bæta þyrfti þjónustu KSÍ varðandi dómgæslu í kvennaknattspyrnu.

- Steini Þorvaldsson hrósaði KSÍ og Landsbankanum fyrir að jafna verðlaunafé í Landsbankadeild karla og kvenna. Ræddi um fjölgun liða í efstu deildum og að það vantaði valddreifingu innan KSÍ sem birtist m.a. í því að sama fólkið væri í mörgum nefndum. Ræddi einnig um fjárfestingar KSÍ og hvort að það væri ásættanlegt að allar fjárfestingar sambandsins væru á sama stað.
- Hörður Helgason þakkaði fyrir gott starf meðal annars í tengslum við sparkvallaátakið. Hann ræddi um landsliðsmál og mikilvægi þess að ýta almennt undir umræður á ársþingi sambandsins. Hann taldi að endurnýjun væri af hinu góða og skipun í nefndir væri ein leið til þess. Vildi fá fleiri konur í stjórn.
- Hjalti Kristjánsson hrósaði ársskýrslu sambandsins og spurði um skráningargjöld félagaskipta, hvort að fella mætti þau niður.
- Valdimar Leó Friðriksson þakkaði fyrir gott starf og endurgreiðslu til félaganna. Ræddi um sparkvelli og gervigras og nauðsyn þess að fá ákveðna stefnu í því máli. Taldi nauðsynlegt að gera átak til að fjölga dómurunum, sérstaklega í barna og unglíngaleikjum. Ræddi um landsliðsmál og spurði um ástæðu þess að mismunur væri á fjárveitingum til yngri landsliða karla og kvenna. Ræddi um næsta landsmót UMFÍ og benti á þar eigi að gera átak í knattspyrnu. Spurdist fyrir um um tímasetningu á EM U19 kvenna sumarið 2007.
- Aðalsteinn Símonarson tók til máls og þakkaði gott starf. Ánægður með aukna umræðu um kvennaknattspyrnu. Taldi sparkvallaátakið vera sérstaklega mikilvægt, en spurði um reglur um stærð valla. Ræddi um reikninga, meðal annars um námskeiðsgjöld og aukið framlag til fræðslumála. Taldi átak í dómaramálum nauðsynlegt.
- Örn Guðmundsson (Hveragerði) þakkaði sérstaklega fyrir sparkvallaátakið og lagði til að formaður KSÍ yrði nefndur forseti í framtíðinni.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og svaraði framkomnum fyrirspurnum. Taldi ábendinguna um leigugjald Laugardalsvallar réttmæta og sagði að hún yrði skoðuð. Sammála því að fjölga þurfi dómurum og að það þurfi að vera samstarfsverkefni KSÍ og félaganna. Miklir möguleikir fælust í því að fjölga kvendómurum. Ræddi um fjárfestingar sambandsins, sem voru gerðar að ráði sérfræðinga. Taldi ábendingu um að senda ársskýrsluna til félaga fyrir þing vera góða og það væri rétt að reyna að senda hana út með reikningum sambandsins. Ræddi um skráningargjöld og námskeiðagjöld og útskýrði að þetta væri einungis gjald fyrir umsýslu og að ekki væri hægt að gefa eftir tekjur endalaust. Geir ræddi um sparkvallaátakið og útskýrði að reglur um stærð væru tilkomnar vegna þess að vellirnir eru hugsaðir fyrir yngstu iðkendum. Varðandi stefnu í málefnum gervigrasvalla vísaði hann til tillögu um stofnun nefndar. Hann ræddi um Evrópukeppni U19 kvenna sem fram fer á Íslandi 2007 og sýnir í verki styrk kvennaknattspyrnunnar á Íslandi. Ræddi um dómaramál og kostnað í tenglum við þann málaflökk.
- Ari Skúlason ræddi um dómaramál og taldi dómaramámskeið KSÍ vera góð en að félögin þurfi að taka sig á. Þurfa að hafa einhverja umbun fyrir dómara.
- Sigvaldi Einarsson tók til máls og ræddi um dómaramál, innanhússknattspyrnu, deildarbikar og fjölgun liða í efstu deildum.
- Gísli Vagn Jónsson tók til máls og ræddi um að félög þyrftu að beita þjálfara sína aga til að halda leikjaskrá. Varpaði fram til umhugsunar þeim möguleika að heimilt yrði að nota fastnúmer í öðrum deildum en efstu deild karla.
- Einar Friðþjófsson tók til máls og ræddi um opin mót félaga.

**Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.**

## Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 14

Tillögur á þingskjölum 6 til 14 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

## Þingskjal 6

- Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

## Fjárhagsáætlun 2005

	Skýr.	Áætlun 2005	Raun 2004	Áætlun 2004
<b>Rekstrartekjur</b>				
Framlög og styrkir	1	134.235.000	143.077.144	137.879.961
Tekjur af landsleikjum	2	18.000.000	49.449.075	27.600.000
Sjónvarpsréttur og styrkir		91.397.500	83.169.550	61.397.500
Aðrar rekstrartekjur		18.750.000	23.187.065	18.250.000
		<b>262.382.500</b>	<b>298.882.834</b>	<b>245.127.461</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	90.135.000	89.706.014	83.578.000
Mótakostnaður	4	32.844.000	34.406.117	31.850.000
Kostnaður við landslið	5	132.621.050	130.331.544	133.551.600
Annar rekstrarkostnaður	6	14.769.000	14.273.394	9.835.000
Afskriftir		2.500.000	3.320.320	2.500.000
		<b>272.869.050</b>	<b>272.037.389</b>	<b>261.314.600</b>
Hagnaður (Tap) án fjármagnsliða		-10.486.550	26.845.445	-16.187.139
<b>Aðrar tekjur og (gjöld)</b>				
Styrkir vegna sparkvallaverkefnis		90.000.000	57.934.789	
Framkvæmdakostnaður vegna sparkv.		-90.000.000	-57.934.789	
Útgreiðsla til aðildarfélaga		-21.000.000	-21.633.477	-21.000.000
		<b>-21.000.000</b>	<b>-21.633.477</b>	<b>-21.000.000</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		35.200.000	32.175.669	33.000.000
Fjármagnsliðir alls		<b>35.200.000</b>	<b>32.175.669</b>	<b>33.000.000</b>
Hagn. (Tap) án áhrifa Laugardalsv.		3.713.450	37.387.637	-4.187.139
Hagnaður (Tap) af rekstri Laugardalsv.		-3.275.000	8.547.698	-5.296.450
<b>Hagnaður (Tap) ársins</b>		<b>438.450</b>	<b>45.935.335</b>	<b>-9.483.589</b>



	Áætlun 2005	Raun 2004	Áætlun 2004
<b>Nr. 1 Styrkir og framlög</b>			
ÍSí	15.635.000	16.325.996	15.612.104
Getraunir	3.500.000	3.884.017	3.000.000
Norræni Menningarmálasjóðurinn	1.100.000	1.050.000	1.200.000
UEFA styrkir	62.500.000	60.913.219	59.300.000
FIFA styrkur	15.500.000	17.872.793	17.500.000
Ýmsir styrkir	36.000.000	43.031.119	41.267.857
	<b>134.235.000</b>	<b>143.077.144</b>	<b>137.879.961</b>
<b>Nr. 2 Tekjur af landsleikjum</b>			
Miðasala á heimaleikjum	18.000.000	36.825.104	15.000.000
Landsleikjatekjur erlendis	0	12.623.971	12.600.000
	<b>18.000.000</b>	<b>49.449.075</b>	<b>27.600.000</b>
<b>Nr. 3 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Laun og tengd gjöld	60.285.000	56.100.182	51.978.000
Annar kostnaður við yfirstjórn	29.850.000	33.605.832	31.600.000
	<b>90.135.000</b>	<b>89.706.014</b>	<b>83.578.000</b>
<b>Nr. 4 Mótakostnaður</b>			
Mótakostnaður	14.200.000	16.174.024	13.250.000
Laun dómara og eftirlitsmanna	18.644.000	18.232.093	18.600.000
	<b>32.844.000</b>	<b>34.406.117</b>	<b>31.850.000</b>
<b>Nr. 5 Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla	58.958.600	58.541.342	60.455.000
U-21 landslið karla	17.362.000	10.054.218	11.842.000
U-19 landslið karla	6.708.000	5.444.451	6.247.000
U-17 landslið drengja	12.372.000	11.024.549	9.873.000
A-landslið kvenna	12.100.000	14.111.981	12.520.000
U-21 landslið kvenna	4.487.250	7.360.843	8.163.600
U-19 landslið kvenna	4.065.700	6.624.262	7.139.000
U-17 landslið stúlkna	5.195.000	3.850.974	4.484.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	11.372.500	13.318.924	12.828.000
	<b>132.621.050</b>	<b>130.331.544</b>	<b>133.551.600</b>
<b>Nr. 6 Annar rekstrarkostnaður</b>			
Fræðslukostnaður	7.000.000	8.943.502	6.000.000
Ýmis kostnaður	7.769.000	5.329.892	3.835.000
	<b>14.769.000</b>	<b>14.273.394</b>	<b>9.835.000</b>

<b>Laugardalsvöllur</b>	<b>Áætlun 2005</b>	<b>Raun 2004</b>	<b>Áætlun 2004</b>
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög og styrkir	40.325.000	37.471.525	37.200.000
Tekjur af leikjum	6.500.000	15.560.858	7.000.000
Aðrar tekjur	500.000	766.600	1.400.000
Rekstrartekjur alls	<b>47.325.000</b>	<b>53.798.983</b>	<b>45.600.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og tengd gjöld	17.273.000	18.570.525	18.298.155
Almennur rekstrarkostnaður	5.377.000	6.311.859	3.668.295
Rekstur mannvirkja	6.350.000	10.287.615	7.430.000
Afskriftir	20.000.000	19.866.270	20.000.000
Rekstrarkostnaður alls	<b>49.000.000</b>	<b>55.036.269</b>	<b>49.396.450</b>
Tap fyrir fjármunatekjur og gjöld	-1.675.000	-1.237.286	-3.796.450
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1.600.000	9.784.984	-1.500.000
Fjármagnsliðir alls	<b>-1.600.000</b>	<b>9.784.984</b>	<b>-1.500.000</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>	<b>-3.275.000</b>	<b>8.547.698</b>	<b>-5.296.450</b>

**Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.**

## **Þingskjal 7**

- Framsógu hafði Þórir Hákonarson.

### **Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Hlutgengi leikmanna -**

**Lagt er til að við grein 2.1. – Takmörkun á hlutgengi - bætist ný grein, 2.1.5., sem hljóði svo:**

“Félagi er heimilt að sækja um sérstaka undanþágu frá reglu 2.1.4. ef sýnt þykir að viðkomandi félag getur ekki mannað 11 manna lið í 3. eða 4. flokki nema með því að nota leikmann úr yngri flokki sem þó hefur leikið sama dag. Undanþágubeiðni skal skila skriflega til mótanefndar KSÍ a.m.k. þremur sólarhringum fyrir leik og ber mótanefnd að svara umsókn a.m.k. sólarhring fyrir leik.”

**Knattspyrnufélag Siglufjarðar**

**Tillagan á þingskjali 7 var samþykkt samhljóða.**

**Þingskjal 8**

- Framsögu hafði Sigvaldi Einarsson.

**Tillaga um breytingu reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
- Fjölgun liða í 1. deild karla -**

**Lagt er til að fyrsta grein í kafla 3.9.1.1. breytist og hljóði svo (breytt orðalag er feitletrað):**

Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í fjórar deildir. Landsbankadeild skal skipuð 10 liðum, **1. deild 12 liðum**, 2. deild 10 liðum og 3. deild skal skipuð þeim aðilum sem ekki eiga lið í Landsbankadeild, 1. og 2. deild. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn Landsbankadeildar.

**Bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2005:**

Tíu lið skulu leika í 1. deild karla 2005 (þau lið sem unnu sér rétt 2004), en strax að lokinni keppni í 1. og 2. deild skal leikið um lausu sætin í 1. deild. Fjórða lið 2. deildar mætir 9. liði 1. deildar og þriðja lið 2. deildar mætir 10. liði 1. deildar. Leikið skal heima og heiman og síðari leikirnir verða á heimavöllum liðanna úr 2. deild. Á sama hátt skal leikið um sæti sem losna í 2. deild og skal fjórða lið 3. deildar mæta 9. liði 2. deildar og þriðja lið 3. deildar mæta 10 liði 2. deildar. Leikið skal heima og heiman og síðari leikirnir verða á heimavöllum liðanna úr 3. deild.

Í ofangreindum viðureignum telst það lið sigurvegari sem skorar fleiri mörk í leikjunum tveimur. Ef liðin skora jafn mörg mörk telst það lið sigurvegari sem skorar fleiri mörk á útivelli. Fáist ekki úrslit samkvæmt þessu (þ. e. liðin skora jafn mörg mörk á heima- og útivelli), skal seinni leikurinn framlengdur um 2 x 15 mínútur. Skori liðin jafn mörg mörk í framlengingu skal mark skorað á útivelli gilda tvöfalt (þ. e. útilið telst sigurvegari). Séu engin mörk skorud í framlengingu skal fara fram vítaspyrnukeppni til að ákvarða sigurvegara.

**Greinargerð:**

Það er orðið tímabært að fjölga liðum og leikjum í 1. deild karla og það er framkvæmanlegt án þess að lengja tímabilið þar sem oft myndast nokkurt hlé á milli leikja í deildinni, sérstaklega seinni hluta tímabilsins. Lið í 1. deild leika færri leiki en lið í Landsbankadeild, þar sem þau leika ekki í Evrópukeppni og fæst þeirra ná að jafnaði langt í bikarkeppni KSÍ. Þetta er í takt við flest önnur lönd í Evrópu þar sem næstefsta deild er yfirleitt skipuð 2-4 liðum fleiri en efsta deild. Átján umferðir í deildakeppni er of lítið verkefni fyrir lið 1. deildar, miðað við umfang og undirbúning liðanna, og auk þess stuðlar fjölgunin að aukinni breidd í íslenskri knattspyrnu þar sem fleiri leikmenn fá tækifæri til að spila í 1. deild.

**HK**

- Steini Þorvaldsson tók til máls og studdi tillöguna.
- Vignir Þormóðsson tók til máls og var á móti tillögunni, meðal annars vegna kostnaðar. Taldi nauðsynlegt að skoða málið á faglegan hátt og lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar.
- Halldór B Jónsson tók til máls og fór yfir rök með og á móti tillögunni. Lagði til breytingu á bráðabirgðaákvæðinu í þá átt að deildakeppnin ráði hver hljóti aukasætin. Taldi rétt að samþykkja tillögu Vignis.

**Þingforseti bar upp tillögu Vignis Þormóðssonar um að vísa tillögunni til stjórnar og var það samþykkt með 45 atvæðum gegn 39.**

**Tillögunni á þingskjali 8 var vísað til stjórnar.**

**Þingskjal 9**

- Framsögu hafði Geir Þorsteinsson.

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
- Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla -**

**Lagt er til að grein 3.9.1.2 breytist og hljóði svo (breytingar undirstrikaðar):**

**3. 9. 1. 2. BIKARKEPPNI KSÍ**

- 1 Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum félögum og aðilum ÍSÍ.
- 2 Hverjum þátttökuaðila skal heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 3 Allir leikmenn félags eru hlutgengir til leiks með liði félagsins.
- 4 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli sbr. þó 6. gr. Keppnin skal vera tvískipt:
  - a. Undankeppni
  - b. Aðalkeppni
- 5 Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í Landsbankadeild. Svæðakeppni skal viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 6 lið komist áfram í aðalkeppnina. Skal undankeppni lokið eigi síðar en 30. júní.
- 6 Aðalkeppnin skal hefjast eftir 30. júní og hefja þá liðin sem leika í Landsbankadeild þátttöku. Í fyrstu umferð aðalkeppni (16 liða úrslitum) skulu liðin úr undankeppninni leika á heimavelli ef þau dragast á móti liði úr Landsbankadeild. Úrslitaleikur og undanúrslitaleikir bikarkeppninnar skulu fara fram á Laugardalsvelli og skal keppninni ljúka í lok ágúst eða í september. Mótanefnd skal þó heimilt að láta leiki í undanúrslitum fara fram annars staðar en á Laugardalsvelli við sérstakar aðstæður. Mótanefnd annast framkvæmd leikjanna í samráði við leikaðila.
- 7 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 8 Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdargjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og uppihaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Leita skal hagkvæmstu flutningsleiða. Tekjur af seldum aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.
- 9 Í úrslitaleik og undanúrslitaleikjum skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. Í úrslitaleik skal þó KSÍ eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.
- 10 Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu. Verði að aflýsa leik, gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti.
- 11 Af leikjum í aðalkeppni skal greiða gjald í sameiginlegan sjóð af nettótekjum þar sem til tekna eru aðeins taldir seldir aðgöngumiðar, sem hér segir:  
Af leikjum í 2. umferð aðalkeppni 10%.  
Af leikjum í 3. umferð aðalkeppni 10%.  
Af undanúrslitaleikjum 15%.  
Af úrslitaleik 15%.
- 12 Sameiginlegum sjóði, sem skal vera í vörslu gjaldkera KSÍ, skal skipt þannig, að fyrst er greitt tap, sem þátttakendur hafa orðið fyrir og skal greitt hlutfallslega, nægi sjóðurinn ekki fyrir öllu tapinu. Verði afgangur, skiptast eftirstöðvarnar milli þátttakenda í hlutfalli við greiðslur í sjóðinn.
- 13 Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á.

[ATH: Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi 7. töluliður verði felldur niður um fyrirkomulag á 32 liða úrslitum – og aðrar greinar hafa fengið númer í samræmið við það. Núverandi 7. töluliður hljóðar svo: Í fyrstu umferð aðalkeppni skal drætti hagað þannig, að lið í Landsbankadeild og sex efstu lið 1. deildar árið áður dragist gegn hinum liðunum á útivelli. Félögunum er heimilt að skipta um leikvöll í samráði við Mótanefnd innan 2 daga frá drætti. Í seinni umferðum skal lið sem dregið er á undan leika á heimavelli.]

**Ákvæði til bráðabirgða: Árið 2005 skal bikarkeppnin fara fram skv. ákvæðum sem voru í gildi um keppnina 2004, þ. e. aðalkeppni skal hefjast með 32 liða úrslitum og 16 efstu lið í Íslandsmóti 2004 skulu þá hefja þátttöku.**

### **Greinargerð:**

Fram til ársins 1994 var fyrirkomulag bikarkeppninnar þannig að aðalkeppni hófst með 16 liða úrslitum og þá hófu félögin 10 í efstu deild keppni. Undankeppnin var svæðisbundin og skilaði 6 félögum inn í 16 liða úrslitin. Árið 1994 hófst aðalkeppnin með 32 liða úrslitum og hófu þá 16 efstu liðin í Íslandsmóti fyrra árs þátttöku. Undankeppnin var svæðisbundin og skilaði 16 liðum inn í 32 liða úrslitin. Þetta fyrirkomulag hefur verið óbreytt síðan og ávallt verið dregið þannig í 32 liða úrslitum að liðin úr undankeppninni hafa dregist á heimvöll gegn félagi úr hópi 16 efstu félaga í Íslandsmóti fyrra árs.

Breytingin 1994 var ekki síst gerð til þess að breiða út knattspyrnuna og gefa félögum í lægri deildum möguleika á að mæta félögum í efstu deild. Þessu markmiði var náð en ýmsir vankantar hafa komið í ljós. Í stuttu máli; áhuga almennings og fjölmiðla hefur vantað auk þess sem mikið tap hefur orðið á þessu hluta keppninnar á hverju ári (að meðaltali um 1 milljón kr. á ári). Skýringa er víða að leita en ljóst er að þeirra er m. a. að leita í því að úrslitin eru fyrirséð, leikirnir eru of margir fyrir markaðinn (staðbundin vandamál) og mikið um dýr ferðalög á milli landshluta.

KSÍ hefur ítrekað haft málefni bikarkeppninnar til skoðunar vegna ofangreindra þátta og ljóst er að breytinga er þörf. Keppnin þarf að vera spennandi á öllum stigum hennar og því telur stjórn KSÍ að farsælast sé að hverfa aftur til eldra fyrirkomulags og fella niður 32 liða úrslitin í aðalkeppni. Staða íslenskrar knattspyrnu er einfaldlega sú að keppnin ber ekki 32 liða úrslit og gildir þá einu þó að annað fyrirkomulag yrði notað þegar dregið er í þá umferð.

Svæðabundin keppni fram að 16 liða úrslitum tryggir áhugaverða og spennandi keppni þar sem leitast er við að lágmarka kostnað við leikina. Keppnin skilar 6 liðum inn í 16 liða úrslitin, liðum sem eiga fullt erindi í keppni við liðin í Landsbankadeild. Þá verður liðunum úr undankeppninni tryggður heimaleikur í 16 liða úrslitum ef þau dragast á móti liði úr Landsbankadeild.

### **Stjórn KSÍ**

- Hjalti Kristjánsson tók til máls og lagði til að tillagan yrði felld.

**Tillagan á þingskjali 9 var samþykkt með 48 atkvæðum gegn 32.**

**Þingskjal 10**

- Tillagan á þingskjali 10 kom ekki til afgreiðslu eftir samþykkt tillögunnar á þingskjali 9.

**Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
- Óbundinn dráttur í 32 liða úrslitum -****Lagt er til að 7. grein í kafla 3.9.1.2. Bikarkeppni KSÍ breytist og hljóði svo:**

Í aðalkeppni skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli sbr. þó 6. gr. Í fyrstu umferð aðalkeppni er félögunum heimilt að skipta um leikvöll í samráði við Mótanefnd innan 2 daga frá drætti.

**Greinargerð:**

Er hugsunin sú að lið sem lenda neðar en í efstu 16 sætum deildarkeppninnar árið á undan geti dregist hvert gegn öðru í 16 liða úrslitum og því verði fleiri stórleikir sem dragi að fólk á leiki í bikarkeppninni. Einnig opnar þetta möguleikann á að lið geti farið alla leið sem eru svokallaðir minni spámenn líkt og hefur gerst erlendis margoft. Og svo eykur þetta líkur á að félög utan efstu deildar komist lengra sem þýðir að sjálfsögðu auknar tekjur fyrir þau félög.

**Leiknir R.****Þingskjal 11**

- Framsógu hafði Eggert Magnússon.

**Tillaga um millipinganefnd  
- Gerð og hönnun leikvalla -**

Árþing KSÍ samþykkir að stjórn KSÍ skipi 5 manna nefnd sem móti framtíðarstefnu í gerð og hönnun leikvalla á Íslandi þannig að lengja megi keppnistímabilið og hefja það fyrir á vorin.

Nefndin skal veða og meta alla þætti sem koma að byggingu leikvallar og skila skýrslu til stjórnar KSÍ í lok nóvember 2005 sem lögð skal fyrir næsta árþing.

Nefndin skal taka mið af reynslu og þekkingu annarra þjóða í byggingu leikvalla.

**Greinargerð:**

Stjórn KSÍ ákvað í haust að leggja ekki fram tillögu um fjölgun liða úr 10 í 12 í Landsbankadeild karla á þessu árþingi og var sú ákvörðun kynnt á formannafundi í nóvember. Þessi ákvörðun var tekin í framhaldi af áliti starfshóps um mótamál sem lagt var fram á árþingi 2002:

*Starfshópur um mótamál komst að þeirri niðurstöðu árið 2002 að ekki væri unnt að fjölga liðum í Landsbankadeild karla án þess að lengja leiktímabilið (hefja það fyrir á vorin). Starfshópurinn taldi hins vegar að fjölgun um 2 lið væri æskilegt markmið til lengri tíma lítið og lagði til að stjórn KSÍ ynni áfram að undirbúningi málsins og hefði að markmiði fjölgun í efstu deild sumarið 2006.*

Ljóst er, að frá 2002 hafa ekki verið gerðar neinar meiriháttar breytingar á yfirborði leikvalla félaganna og því ekki sköpuð skilyrði fyrir leiki í efstu deild í byrjun maí. Málið hefur einfaldlega ekki fengið

forgang enda kom leyfiskerfi til í millitíðinni að kröfu UEFA og aðstaða áhorfenda var sett á oddinn. Takmarkað fjármagn til byggingu vallarmannvirkja er staðreynd og því verður að forgangsraða verkefnum.

Nauðsynlegt er að móta stefnu KSÍ í vallarmálum og kalla til þeirrar vinnu forystufólk og fagfólk í hreyfingunni. Meta þarf hvort ein vallargerð umfram aðra henti íslenskum aðstæðum betur til að byrja megi fyrr á vorin keppni á völlum félaga. Þar koma þættir eins og hitakerfi og gervigras væntanlega mikið við sögu.

## Stjórn KSÍ

**Tillagan á þingskjali 11 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.**

### Þingskjal 12

- Framsógu hafði Lúðvík S Georgsson.

#### Tillaga frá millipinganevnd KSÍ

*Sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna*

Á síðasta ársþingi KSÍ var að venju ákveðið að skipa 5 manna millipinganevnd “sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skili tillögum um þær breytingar sem þörf er á að gera á þessum reglugerðum og nú standa út undan vegna reglugerða FIFA til stjórnar KSÍ og jafnframt á næsta ársþingi KSÍ.”

Í millipinganevndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður  
Gísli Sváfnisson, Víkingi  
Steinar Þór Guðgeirsson, Fram

Ámundi Halldórsson, Fylki  
Páll Bragason, Stjörnunni

Með nefndinni störfuðu að auki:

Geir Þorsteinsson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ.

Nefndin hélt einn bókaðan fund og leitaði eftir athugasemdum frá félögum, og fékk viðbrögð frá fjórum aðilum. Þar var m.a. farið fram á að félagaskiptagjald félli niður ef eldra félag (knattspyrnu-deild) hefði verið lagt niður; háþösk greiðslna til leikmanns á sambandsamningi væru hækkuð og gerðar athugasemdir við stuðlakerfið, m.a. lágt félagaskiptagjald leikmanna 30 ára og eldri, og stuðla fyrir leikmenn á aldrinum 25-29 ára, og mælt með að þeim væri skipt í tvo aldurshópa.

FIFA hefur boðað að stutt sé í að endurskoðun sinni á reglum um félagaskipti og leikmannssamninga ljúki. Ef marka má þær fréttir sem borist hafa þaðan má búast við að töluverðar breytingar þurfi að gera á reglugerðum okkar í framhaldi af því. Í ljósi þess var ákveðið að fara ekki út í frekari bútasam á reglugerðum okkar heldur stefna að vandlegri endurskoðun á þeim eftir að nýjar reglur FIFA hafa verið lagðar fram, sem ætti að verða með vorinu, því boðað hefur verið að þær eigi að taka gildi á miðju sumri. Auk þeirra breytinga sem endurskoðun FIFA mun leiða af sér, þá verði þar m.a. farið vandlega yfir hvar eðlilegt sé að mörk atvinnumennsku (leikmannssamnings) og áhugamennsku (sambandsamnings) séu og hver séu eðlileg efri mörk á greiðslum til áhugamanna, með samanburði við nágrannalöndin. Sömuleiðis verði tilvist stuðlakerfisins skoðuð og farið yfir uppbyggingu þess ef

niðurstaðan verður að gefa þessu kerfi frekara líf. Þá má benda á atriði eins og lengd samninga. Það má því segja að nefndin fylgi enn af eindrægni einkennisorðum sínum síðustu árin “Undanhald samkvæmt áætlun”, en stór verkefni bíða hennar á næsta starfsári. Hún kemst því ekki hjá því að leggja fram eina tillögu, sem er um áframhaldandi líf nefndarinnar.

### **Millipinganefndin**

#### **Tillaga um skipun millipinganefndar**

Ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa 5 manna millipinganefnd sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin skili tillögum um þar breytingar sem þörf er að gera á okkar reglugerðum með hliðsjón af væntanlegri endurskoðun FIFA á reglugerðum um félagaskipti og leikmannssamninga. Hún taki einnig til skoðunar hvar eðlilegt sé að setja mörk atvinnumennsku og áhugamennsku, og tilvist og uppbyggingu stuðlakerfisins. Nefndin skili tillögum til stjórnar KSÍ og jafnframt á næsta ársþingi KSÍ.

### **Millipinganefndin**

**Tillagan á þingskjali 12 var samþykkt samhljóða.**

---

### **Þingskjal 13**

- Framsögu hafði Þórður Einarsson.

#### **Tillaga til ályktunar**

#### **- Breytt skipting á fjármagni frá UEFA til íslenskra félagsliða -**

Ársþing KSÍ samþykkir að öll félög sem leika í deildarkeppni og uppfylla skilyrði UEFA fái jafna hlutdeild í árlegum styrk UEFA til eflingar knattspyrnu barna og unglinga.

#### **Greinargerð:**

Vitnum við hér í fréttatilkynningu frá 8. desember 2004 en þar segir að UEFA úthluti KSÍ hluta af arði vegna meistaraeildar Evrópu. Setur UEFA eftirfarandi skilyrði við úthlutun á fjármagninu.

1. Greiðslan fer í gegnum viðkomandi samband.
2. Fjárhæðin skiptist samkvæmt ákvörðun stjórnar sambandsins.
3. Einungis félög sem sinna barna og unglíngastarfi frá 12 ára aldri geta fengið greiðslu.
4. Félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA skulu ekki fá greiðslu.
5. Knattspyrnusambandið skal ganga úr skugga um það að greiðslurnar sé rétt varið og gefa skýrslu til UEFA þar um.
6. Sambærileg greiðsla frá UEFA kemur aðeins til ef farið er að settum reglum sem ofan eru greind.

Í ljós þessa má vera fullvíst að engar reglur segja til um að þær 15,8 milljónir sem skiptust á milli liðanna sem leika/léku í Landsbankadeild skuli einungis ganga á þau lið sem þar eru. Er þetta klár mismunurinn við börnin sem ekki ráða þeirri stöðu sem þeirra félag er í og því líklegra til að breikka bilið í íslenskum fótbolta. Leggjum við til að öll félög sem leika í deildarkeppni og uppfylla skilyrði UEFA fái jafna hlutdeild í styrknum.

#### **Leiknir R.**



- Jónas Sigurðsson lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og fór yfir forsendur málsins og þær leiðbeiningar sem gilda frá UEFA í tengslum við málið.

**Þingforseti bar upp tillögu um að vísa þingskjali 13 til stjórnar og var það samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.**

**Tillögunni á þingskjali 13 var vísað til stjórnar.**

---

## Þingskjal 14

- Framsógu hafði Geir Þorsteinsson.

### **Greinargerð frá millipinganefnd um endurskoðun á lögum og reglugerðum KSÍ**

Á 58. ársþingi KSÍ var samþykkt eftirfarandi tillaga stjórnar KSÍ:

*Ársþing KSÍ samþykkir af fela stjórn KSÍ að skipa 3 manna laganefnd sem starfi milli þinga og vinni að gerð nýrra laga fyrir KSÍ og endurskoðun á reglugerðum sambandsins. Nefndin skal hafa til hliðsjónar núgildandi lög KSÍ og ÍSÍ; og kröfur um nauðsynleg ákvæði sem aðildarsamband UEFA og FIFA. Reglugerðir sambandsins skulu endurskoðaðar m. t. t. nýrra laga og skal sér í lagi skoðað ferli aga- og úrskurðarmála.*

*Greinargerð:*

*Bæði UEFA og FIFA starfa nú skv. nýjum lögum. Nauðsynlegt er að lög KSÍ taki mið af ákvörðun þessara samtaka sem og breytingum á skipulagi aðildarféлага. Þá er brýnt að endurskoða ýmsar reglugerðir.*

-----

Stjórn KSÍ skipaði síðan þá Lúðvík Georgsson, formann, Halldór B Jónsson og Steinar Guðgeirsson í nefndina. Með nefndinni starfar framkvæmdastjóri KSÍ.

Nefndin hefur komið tvisvar saman auk þess sem KSÍ hefur að kröfu FIFA látið þýða núverandi lög og ýmsar reglugerðir sambandsins og sent FIFA til umsagnar. Engin viðbrögð hafa borist en FIFA gerir kröfu um að ýmis skylduákvæði séu til staðar í lögum aðildarsambanda. Þá gerir FIFA einnig ýmsar aðrar kröfur um ákvæði sem varða nokkrar reglugerðir KSÍ. Ljóst er, að taka verður tillit til þessara krafna FIFA við endurskoðunina.

Nefndin áætlar að skila tillögu að nýjum lögum KSÍ nk. haust auk þess sem unnið verður að heildarendurskoðun á öllum reglugerðum sambandsins sbr. samþykkt 58. ársþings KSÍ.

### **Millipinganefndin**

## Önnur mál

- Geir Þorsteinsson tók til máls og lagði fram reglugerðarbreytingar til staðfestingar sem stjórn KSÍ samþykkti á fundum sínum á starfsárinu. Allar breytingarnar voru staðfestar af þingheimi.
- Bjarni Benediktsson tók til máls og fjallaði um leikvelli og gervigras. Hann þakkaði KSÍ fyrir góðan stuðning við byggingu gervigrasvallar Stjörnnunnar.
- Jóhannes Ólafsson tók til máls og ræddi um ferðakostnað. Hann hvatti alþingismenn sem sátu á ársþinginu til að styðja málið innan þings.
- Aðalsteinn Símónarson tók til máls og ræddi um starfshætti þingsins, atkvæðagreiðslur og fleira. Ræddi um reglur um markverði í innanhússknattspyrnu.
- Ingólfur Sigmundsson tók til máls og ræddi um innanhússknattspyrnu og það vandamál sem felst í því að félög geta einungis sent eitt lið í mótið í hverjum aldursflokki. Hvatti stjórn KSÍ til að skoða þetta, væri réttlætismál. Spurði hvort að hægt væri að merkja þingfulltrúa með félagi.
- Bjarni Benediktsson lagði fram tillögu um breytingu á reglum um dómara í knattspyrnu kvenna. Þar sem tillagan barst eftir að þing var sett þá þurfti þingforseti að leita afbrigða til að fá að leggja hana fram. Áður en atkvæði voru greidd um það dró Steini Þorvaldsson, sem einnig var flutningsmaður, tillöguna til baka eftir að Halldór B Jónsson, Bjarni Benediktsson, Lúðvík S. Georgsson og Jóhann Jónsson höfðu hvatt sér hljóðs og rætt um tillöguna.
- Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til Keflavíkur í Landsbankadeild karla og til Hauka í 1. deild karla.
- Eggert Magnússon afhenti Grindavík kvennabikarinn.

## Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Viðar Halldórsson.

Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda:

### Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Ágúst Ingi Jónsson	ÍBR
Björn Friðþjófsson	UMSE
Eggert Steingrímsson	ÍBR
Halldór B Jónsson	ÍBR

### Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Guðmundur Ingvason, UÍA
Suðurland	Einar Friðþjófsson, ÍBV

**Kosning til varastjórnar til eins árs**

Jóhannes Ólafsson, ÍBV  
Kjartan Daníelsson, ÍBR  
Þórarinn Gunnarsson, ÍBR

**Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs**

Vesturland	Jón Páll Hreinsson, HSV
Norðurland	Aðalsteinn Sigurgeirsson, ÍBA
Austurland	Valdemar Einarsson, USÚ
Suðurland	Einar Jónsson, HSK

**Kosning fulltrúa á íþróttáþing ÍSÍ**

Nefndin leggur til að skipun fulltrúa á íþróttáþing verði vísað til stjórnar.

**Kosning skoðunarmanna KSÍ til eins árs:**

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

**Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs:**

Aðalmenn	Sigurður G Guðjónsson Guðmundur Pétursson Vilhjálmur H Vilhjálmsson
Varamenn	Brynjar Níelsson Guðmundur Þórðarson Hörður Felix Harðarson Jóhannes Albert Sævarsson Lúðvík Örn Steinarsson

**Kosning í dómstól KSÍ til eins árs:**

Ásbjörn Jónsson  
Gunnar Guðmundsson  
Halldór Frímansson  
Halldór Halldórsson  
Hilmar Gunnlaugsson

**Álit kjörnefndar var samþykkt og voru þeir aðilar sem hún gerði tillögu um sjálfkjörnir.**

**Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:**

Viðar Halldórsson, formaður  
Páll Bragason  
Vignir Þormóðsson

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.****Þingslit**

Þingforseti þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og fól Eggerti Magnússyni, formanni KSÍ, að slíta þingi.

Formaður KSÍ, Eggert Magnússon, þakkaði þingheimi fyrir góð störf. Hann hvatti þingfulltrúa til að vinna áfram að framgangi knattspyrnunnar og óskaði þeim alls hins besta í störfum sínum. Hann óskaði einnig nýendurkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjör sitt og þakkaði starfsfólki þingsins og starfsfólki KSÍ fyrir góð störf og óskaði þingheimi góðrar heimferðar. Að svo loknu sleit Eggert Magnússon, formaður KSÍ, 59. ársþingi sambandsins.

Sveinn Jónsson  
1. þingforseti  
(sign.)

Ingvi Guðmundsson  
1. þingritari  
(sign.)

Steinn Halldórsson  
2. þingforseti  
(sign.)

Klara Bjartmarz  
2. þingritari  
(sign.)